

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-40/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 30. maí sl. bað X, f.h. óneftnds fyrirtækis síns, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna vegna ágreinings í tengslum við kaup á bifreið. Beinir álitsbeiðandi kröfu sinni um að fá afhent sumardekk sem áttu að fylgja bifreiðinni að Y, hér eftir einnig nefnt gagnaðili. Þá krefst álitsbeiðandi einnig skaðabóta.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 31. ágúst sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 15. september. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 20. september, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að álitsbeiðandi keypti bifreiðina xx-000. Ekki kemur fram hver seljandi var, né hvenær kaupin fóru fram. Var kaupverðið kr. 1.100.000. Í söluyfirliti bifreiðarinnar sem um ræðir kom fram að með henni ættu að fylgja umgangur af sumardekkjum. Þegar álitsbeiðandi fór fram á að fá dekkinn afhent, var henni tjáð að þau væru ónýtt. Varð úr að álitsbeiðandi fékk engin nothæf dekk afhent og vildi bifreiðasala sú er hafði milligöngu um kaupin ekkert fyrir hana gera. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess að fá nothæf sumardekk afhent, en þar að auki fer hún fram á greiðslu bóta vegna óþæginda og umstangs, þ.m.t. eldsneytiskostnaði.

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum gagnaðila kemur fram að gagnaðili telur sig ekki vera aðila að málinu og að ágreiningurinn sé á milli álitsbeiðanda og seljanda bifreiðarinnar um afhendingu aukahluta. Því telji gagnaðili að álitsbeiðandi eigi að beina kröfum sínum að seljanda.

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Kaupsamningur og afsal vegna kaupanna liggur ekki fyrir í málinu. Skv. athugun kæruneftndarinnar hefur nefndur gagnaðili í málinu aldrei verið skráður eigandi bifreiðarinnar xx-000. Enginn kaupsamningur liggur fyrir í málinu, en líkur má leiða að því að því að slíkur samningur hafi verið gerður og að í honum hafi komið fram að bifreiðasalinn, nefndur

gagnaðili, hafi aðeins haft milligöngu um kaupin og ekki verið samábyrgur seljanda vegna skyldna hans.

Kærunefndin telur ljóst að kröfu álitsbeiðanda á grundvelli laga nr. 48/2003 um neytendakaup, um afhendingu á sumardekkjum, sem og greiðslu skaðabóta, verði því ekki beint að nefndum gagnaðila. Slíkri kröfu verði að beina að seljanda bifreiðarinnar. Að þessum sökum verður að hafna kröfum álitsbeiðanda.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VI Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson